

Kjalarnesi 06.10.2022

Íbúaráð Kjalarness

Öll erum við orðin meðvituð um að endurvinnsla er mikilvæg og það á ekki síst við um málma. Nú höfum við í dag ágætis grendarstöð í Grundarhverfi hvar eru gámar fyrir plast, pappír og gler, ásamt gánum frá Grænum skátum og Rauða krossinum. Ég myndi gjarnan vilja sjá þarna gám fyrir málma (og jafnvel lítil raftæki svo ég verði nú ofur bjartýn) því þó að fólk geti sett niðursuðudósir lausar í almennt sorp og þær síðan seglaðar frá (að því okkur er sagt) þá vitum við að segull tekur ekki ál og í nútímasamfélagi fellur til heilmikið ál, ekki síst tengt matvörum, sem full þörf er á að komist til endurvinnslu.

Ég myndi því vilja biðla til íbúaráðs Kjalarness að beita sér í því að fá gám fyrir málma á grendarstöðina í hverfinu.

Með fyrirfram þökk.

Kv.

Sigrún Jóhannsdóttir

Esjugrund 39